

Fundargerð 15. fundar í flugvirkarráði

Fundur var haldinn í flugvirkarráði fimmtudaginn 27. janúar 2017 hjá Isavia á Keflavíkurflugvelli

Viðstaddir: Friðfinnur Skaftason (FS), Halla Sigrún Sigurðardóttir (HSS), Ólafur Helgi Kjartansson (ÓHK), Hildur Reykdal (HR), Sólveig Jóhanna Guðmundsdóttir (SJG), Björn Óli Hauksson (BÓH), Þorvaldur H. Þórðarson (ÞÞ), Kári Gunnlaugsson (KG) og Ómar Sveinsson (ÓS) sem ritaði fundargerð.

Fjarverandi: Ásta Sóllilja Sigurbjörnsdóttir, Þórólfur Guðnason og Karen Bragadóttir.

Gestir: Kjartan Már Kjartansson bæjarstjóri Reykjanesbæjar og formaður almannavarnarnefndar Suðurnesja utan Grindavíkur, Sigurður Skarphéðinsson varaslökkviliðsstjóri Brunavarna Suðurnesja og staðgengill framkvæmdastjóra almannavarnarnefndarinnar og Gunnar Örn Indriðason (GÖI) lögfræðingur ráðuneytisins í flugmálum,

Dagskrá

1. Dagskrá.
2. Fundargerð síðasta fundar.
3. Skipan í ráðið.
4. Keflavíkurflugvöllur – almannavarnarnefnd (gestir).
5. Staða verkefna og fréttir af ECAC FAL fundi (HSS).
6. Keflavíkurflugvöllur.
 - a. Vöxtur umferðar og afkastageta.
 - i. Skipulagsmál.
 - ii. Nýir áfangastaðir.
 1. Innanlandsflug.
 2. Loftferðasamningar (GÖI).
 - iii. Preclearance (GÖI)
7. Önnur mál.
8. Næsti fundur.

Að fundi loknum verður:

- a. Skoðunarferð um flugstöðina.
- b. 30 ára afmæli flugstöðvar Leifs Eiríkssonar 18:00-20:00.

FS setur fundinn og býður gesti velkomna.

1.-2. Dagskrá og fundargerð síðasta fundar eru samþykktar.

3.-4. Fundarmenn kynna sig. FS kynnir fyrir gestum hlutverk ráðsins, flugvirkaráætlun og verkefni þess um flugvirkt í neyðartilfellum. Rætt er um þau vandræði sem stöðvun umferðar getur haft og mikilvægi þess að við gerð viðbragðsáætlana og framkvæmd þeirra verði truflun á umferð haldið í lágmarki og umferð komið á aftur eins fljótt og kostur er stöðvist hún á annað borð. Þá var rætt mikilvægi þess að allar áætlanir vinni saman sem ein heild, almannavarnaráætlanir, sóttvarnaráætlun, sem er í vinnslu og áætlun um aðstoð við fórnarlömb og aðstandendur þeirra sem til stendur að hefja vinnu við fljótlega.

5. HSS fer yfir hvað er að gerast í flugvirkarmálum á alþjóðavettvangi, sjá fylgiskjal.

6. Keflavíkurflugvöllur, BÓH fer yfir stöðu mála: kynnrir farþegaþróun 2011-2017 - farþegaspár fyrir 2016 og 2017 hafi að mestu staðist. Aukning í sumar verður ekki jafn mikil og verið hefur. Breytingar á samsetningu farþega hefur verið nokkur og núna koma fleiri ferðamenn frá Kína heldur en frá öllum Norðurlöndunum. Finnair hefur hafið áætlunarflug og má búast við aukningu á farþegum þar. Loftferðasamningur og flug WOW air til Ísrael kallar á viðbrögð Isavia. Flug Flugfélags Íslands frá Keflavík til Akureyrar hefur gengið vel en afgreiðsla flugsins er flókin fyrir Isavia.

Skipulagsmál: Fram kemur að dráttur hefur verið á afgreiðslu Skipulagsstofnunar á Aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar sem Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar sendi stofnuninni til staðfestingar. Stofnunin hefur nú vísað staðfestingu skipulagsins til umhverfis- og auðlindaráðherra og er beðið niðurstöðu hennar.

Loftferðasamningar - GÖI: Hröð þróun hefur verið síðustu 12 mánuði vegna áætlana íslenskra flugrekenda um nýja áfangastaði. Flug til Ísrael er þar efst á baugi og nokkur mál, því tengd, sem þurfti að taka á.

Preclearance: Verið er að skoða samning við Bandaríkin um preclearance og hefur komið þaðan sendinefnd sem kynnti samningamódelið. Isavia hefur verið í viðræðum við Bandaríkin um tæknilegar útfærslur.

Fram kemur að tryggja þurfi greitt upplýsingaflæði milli aðila til að hægt sé að bregðast hratt við breyttum þörfum flugrekenda.

7. Önnur mál:

ÓHK, gert er ráð fyrir að fyrstu sjálfvirku biometric landamærahliðin (ABC Automated Border Control) verði tekin í notkun í maí/júní og verði komin í fullan rekstur í september.

Landamærastofnun Evrópu, Frontex kom til landsins og gerði úttekt hjá stofnunum sem koma að framkvæmd Schengen samningsins en niðurstöður liggja ekki fyrir.

ÞÞ mál gælu- og aðstoðardýra hafa verið að koma á borð Mast, í sumum tilfellum er greinileg þörf s.s. fyrir aðstoðarhunda en erfitt sé að réttlæta þörfina í ýmsum öðrum umsóknum.

SG búast má við bið í útgáfu vegabréfa vegna tafa á afhendingu vegabréfabóka og útboðs.

8. Næsti fundur:

Næsti fundur var ekki ákveðinn.